

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps**  
**vegna frístundabyggðar í landi Miðhúsa II.**

Skipulagsstofnun staðfesti 15. nóvember 2022 breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 21. september 2022.

Í breytingunni felst að afmörkun frístundabyggðar F39 í landi Miðhúsa II breytist en svæðið er beggja vegna Þjórsárdalsvegur. Neðan vegarins minnkar svæðið um 10 ha og ofan vegarins stækkar það um 5 ha. Frístundabyggðin verður 60 ha að stærð eftir breytingu. Landbúnaðarsvæði beggja vegna Þjórsárdalsvegur breytist til samræmis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 15. nóvember 2022.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 30. nóvember 2022